

Fundargerð

205. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 30. september 2014 kl. 12¹⁵–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raf- og rafeindatækjaúrgangur
- (3) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (204. fundar).

2. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

Lagt var fram á fundinum gögn frá þjónustuaðilum (verktökum) um nauðsynlegar greiðslur til þjónustuaðila, sbr. umræðu á síðasta fundi stjórnar. Einnig var lagt fram á fundinum upplýsingar frá skilakerfunum um nauðsynlegar greiðslur til þjónustuaðila sem voru lagðar fram á stjórnarfundi í desember 2012. ÓK rifjaði upp að tillögur um úrvinnslugjald í frumvarpinu byggja á útreikningum þar sem miðað var við þessar tillögur skilakerfanna frá árinu 2012. ÓK fór yfir það að vandi væri framundan fyrir stjórnarmenn ÚS við að ákvarða greiðslur fyrir meðhöndlun á raftækjaúrgangi miðað við upplýsingar er koma frá þjónustuaðilum (verktökum). GGP taldi að nýkomnar upplýsingar breyti mjög forsendum fyrir ákvörðun á úrvinnslugjaldi á raf- og rafeindatæki. Mikill munur er á þeim upphæðum úrvinnslugjalda er skilakerfin leggja til að þurfi til að standa undir meðhöndlun og svo þeim tölum er þjónustuaðilar leggja til. Stjórn ræddi hvort að núverandi meðhöndlun á raftækjaúrgangi uppfylli kröfur tilskipun ESB. Eins hvort að innsöfnun á landsbyggðinni sé ásættanleg innan núverandi kerfis? Stjórn fór yfir mismun á kostnaðarmati verktaka og skilakerfa. Stjórn óskar eftir því að fá sundurgreindan kostnað við væntanlega sex flokka skiptingu á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Stjórn ræddi aðkomu verkfræðings frá Mannviti við að leggja mat á kostnað við meðhöndlun á raftækjaúrgangi fyrir hönd Úrvinnslusjóðs. Stjórn óskar eftir minnisblaði þar sem fram koma rök og ástæður fyrir upphæð úrvinnslugjalda á raf- og rafeindatæki.

Lagt var fram á fundinum bréf frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis um meðhöndlun raftækjaúrgangs í framhaldi af fyrirspurn SN.

Stjórnarmenn ræddu um hæfilega greiðslu (+/-) til þjónustuaðila til að geta endurskoðað tillögur um væntanlegt úrvinnslugjald sem nú liggur fyrir í tekjuöflunarfrumvarpi fjármálaráðherra.

Lagt var fram á fundinum minnisblað um skilgreiningu raftækja með tollnúmerum. Stjórn samþykkir að leggja fram minnisblaðið á fundi með Laufeyju Guðmundsdóttur lögfr. UAR og Úrvinnslusjóðs sem halda skal 1. okt. nk.

3. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 7. október 2014.

Fundi slitið kl 14:00